

Sp.

## 64. Fyrirspurnir.

1. Til sjávarútvegsmálaráðherra um, hvað líði athugun á, hvernig viðlegubátum verði tryggð viðunandi aðstaða í verstöðvum og vermönnum sómasamleg aðbúð.

Frá Birni Kristjánssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Hvað líður athugun á því, hvernig viðlegubátum verði tryggð viðunandi aðstaða í verstöðvum landsins og sjómönnum sómasamleg aðbúð, sbr. þingsályktun þar um frá 2. marz 1946?

2. Til sjávarútvegsmálaráðherra um byggingu sildarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni, Barða Guðmundssyni, Páli Þorsteinssyni, Páli Zóphóníassyni og Lárusi Jóhannessyni.

Hvað líður staðarvali og öðrum undirbúningi að byggingu sildarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness, sbr. lög þar um frá 22. maí 1947?

3. Til ríkisstjórnarinnar um fjárhag og fjármál flugvallanna í Keflavík og Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið hefur ríkissjóður þurft að greiða fyrir fasteignir flugvallanna, bætur til landeigenda, hús, mannvirki og tæknileg áhöld?
2. Hve mikið hefur ríkið lagt fram til verklegra endurbóta á hvorum flugvellinum fyrir sig, þar með talið allt viðhald, sem hvílir á íslenska ríkinu?
3. Hvað voru miklar tekjur og útgjöld ríkisins við Hótel Winston, meðan það var starfrækt á kostnað ríkisins?
4. Hve margir verkamenn vinna að öllum jafnaði á hvorum flugvellinum, hve margir löggæzlumenn, tollmenn, veðurfræðingar, loftskeytamenn og aðrir kunnáttumenn, og hve mikil eru útgjöld ríkisins við hverja þessa deild?
5. Hve mikið hefur nú þegar verið greitt af alþjóðafé til ríkissjóðs fyrir veðurþjónustu Íslendinga í sambandi við flugvöllina, og hve mikið er nú þegar vangoldið til ríkisins af samningstryggðum endurgreiðslum?
6. Hve margar borgaðar flugviðkomur hafa verið á hvorum velli, síðan ríkið eignaðist þá, og hve mikið greiða hinar einstöku og mjög misstóru flugvélar fyrir afnot flugvallanna?
7. Hve margar úthafsflugvélar hafa notað hvorn flugvöll, síðan ríkið eignaðist þá, og hvers vegna vilja fáar eða engar af þess háttar flugvélum nota völlinn hjá Reykjavík?
8. Hve mikið kaup fá flugmála- og flugvallastjóri og hver fulltrúi í flugmálanefndinni?
9. Hve mikið fé hefur ríkið lagt á yfirstandandi ári í nýbyggingu og viðhald flugvalla utan Gullbringu- og Kjósarsýslu?
10. Hve miklar tekjur hefur ríkið fengið af rekstri Reykjavíkurvallarins, og hvers konar endurbætur vill flugmálastjórnin gera á honum?
11. Hverjar og hve dýrar eru þær endurbætur, sem Bandaríkjamenn eru nú að framkvæma á Keflavíkurflugvellinum?
12. Hve miklar tekjur má telja sennilegt, að Íslendingar fái árlega af starfsemi flugvallarins í Keflavík:
  - a. Viðkomugjöld flugvéla.
  - b. Kaup og laun íslenskra manna.
  - c. Tollar af benzíni og öðrum vörum.
  - d. Andvirði greitt fyrir íslenskar neyzluvörur, kjöt, mjólk, fisk o. s. frv.
  - e. Aðrir tekjuliðir?